

Föstudaginn 11. október 1985.

Nr. 92/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gísla Guðnasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. febrúar 1985 til ákvörðunar refsingar samkvæmt ákæru, en ákærði hafði viljað hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. júlí sl.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt fæðingarvottorð Karls Strand, fyrrverandi yfirlæknis, er sýnir, að hann er fæddur 24. október 1911. Var því samkvæmt 4. tl. 9. gr. laga nr. 74/1974 óheimilt að kveðja hann til meðdómarastarfa í máli þessu hinn 16. maí 1985. Af þeirri ástæðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Það athugast enn fremur, að eigi bar nauðsyn til þess að kveðja til meðdómendur í máli þessu. Þá verður eigi séð af gögnum málsins, hvort meðdómendur hafa unnið heit skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 7. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981.

Ákveða ber, að kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti skuli greiddur úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs

verjanda ákærða í héraði, Arnar Höskuldssonar héraðsdómslögmanns, 12.000,00 krónur, og skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Héraðsdómari mátti ekki kveðja Karl Strand, fyrrverandi yfirlækni, til meðdómarastarfa vegna aldurs hans og ákvæðis 4. tl. 9. gr. laga nr. 74/1974 um, að meðdómendur skuli vera á aldrinum 25-70 ára. Sakadómari kvaddi Karl engu að síður til þessa starfa, og hann var einn þeirra þriggja dómenda, sem sögðu upp héraðsdóminn. Eins og komið er, tel ég ekki unnt að ómerkja dóminn vegna þess annmarka, sem lýst var, enda er annmarkinn lítilvægur, en almenn nauðsyn á, að dómsýsla sé greið. Verður að túlka réttarfarsreglur með hliðsjón af því, að þeim er ætlað að greiða fyrir málum og stuðla að skjótum og réttum lyktum þeirra. Af þeim sökum tel ég, að ekki megi skýra reglur eins og það ákvæði, sem hér er fjallað um, þannig, að frávik leiði jafnan til ómerkingar dóma, sem hinir reglulegu dómstólar hafa kveðið upp. Þess er enn fremur að geta, að ekkert er fram komið, sem bendir til, að í þessu máli hafi sá galli, sem var á kvaðningu meðdómenda, haft áhrif á dómstörf.

Þar sem meiri hluti Hæstaréttar hefur komist að þeirri niðurstöðu, að ómerkja verði héraðsdóminn, eru ekki efni til, að ég fjalli um efnishlið málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. desember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 13. desember, var á dómþingi sakadóms, sem háð er að Borgartúni 7 í Reykjavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 619/1984: Ákærvaldið gegn Gísla Guðnasyni, sem tekið var til dóms 5. fyrra mánaðar.

Dóm þennan kveða upp Jón Erlendsson sakadómari, dr. med. Karl Strand, fyrrum yfirlæknir geðdeildar Borgarspítala, og Kristinn Björnsson sálfræðingur.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 21. febrúar 1984, gegn ákærða „Gísla Guðnasyni bifreiðastjóra, Sogavegi 152 í Reykjavík,

fæddum þar í borg 8. júní 1943, fyrir að hafa föstudaginn 15. apríl 1983 haft samræði utan hjónabands við stúlkuna X, fædda ... 1963, sem ekki gat spornað við samræðinu vegna greindarskorts og vanþroska, í húsnæði bifreiðaverkstæðisins „Vélarinnar“ við Kænuvog í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Gísla Guðnasonar, er frestað, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hdl., kr. 12.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. október 1985.

Nr. 93/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ernu Sigurjónsdóttur

(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1985. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. júlí sl.